**Ed.** **590. Lög**

um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí).

1. gr.

Aftan við 3. gr. 10 (um tölu þjóðvega) komi:

Frá Húsavík um Tunguheiði, Kelduhverfi, Öxarfjörð, Öxarfjarðarheiði Þistilfjörð, Brekknaheiði, Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlið að Fossvöllum.

2. gr.

Þessi breyting á legu þjóðvegarins er því skilyrði bundin, að sýslunefnd Norður-Múlasýslu taki í sýsluvegatölu vegarkaflann frá Fossvöllum að Gilsárbrú í Jökuldal.

3. gr.

Leiðin frá Breiðamýri til Reykjahlíðar fellur úr tölu þjóðvega. Leiðin frá Reykjahlíð um Mývatnsöræfi um Grímsstaði og Möðrudal yfir Gilsárbrú í Jökuldal skal vera fjallvegur.